

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra
gjalda, sbr. lög nr. 90/1987, og um breytingu á lögum
um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „Vanskilafé og álagi skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, falla brott.

2. gr.

Orðin „Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878“ í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988 falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um allar þær kröfur sem hér um ræðir og ekki hafa þegar verið gerðar upp við yfirstandandi búskipti.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

C-liður 69. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

C

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 5% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé